

Ed.

289. Lög

um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

1. gr.

Í þeim skólahjeruðum, utan kaupstaða, þar sem eru heimangönguskólar eða settir verða á stofn heimavistaraskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjæraðsins á skóla-skyldualdri njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að ákveða í reglugerð skólans, að þessi skóla-skylda skuli einungis ná til 12—14 ára barna, enda sje þá yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu á annan hátt.

2. gr.

Geti fræðslunefnd sjeð öllum börnum fræðsluhjæraðs á aldrinum 10—14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu farskólalaust, með eftirlitskennara eða með eftirliti sóknarprests eða á annan hátt, er henni það heimilt.

3. gr.

Sóknarprestum skal skylt að hafa eftirlit með barnafræðslu, hverjum í sínu prestakalli, í samráði við skólanefndir og fræðslunefndir, eftir því sem önnur embættisstörf þeirra leyfa. Þeir skulu vera prófdómendur við barnapróf, hver í sínu prestakalli, en þó skipar yfirstjórn fræðslumála sjerstaka prófdómendur, auk prestanna, við barnapróf í kaupstöðum og annarsstaðar þar sem fjölment er, svo og þar sem prestslaust er eða prestaköll mjög viðlend, eftir því sem henni þykir þörf.

Sóknarprestum ber engin sjerstök borgun fyrir störf samkvæmt þessari grein.